

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um bygg- 63
ingjarbrjef Þjóðjarða að því er ákvæði um viðarreka snertir. — Í þóknanlegu brjefi, 30. apríl
dags. 30. jan. þ. á., hafið þjer, herra amtmáður, útaf erindi frá umboðsmanni Þingeyra-
klosturs, sem þar með fylgdi, lagt það til, að umboðsmönnum leyfist, þar sem það á
við, að stryka út úr 12. gr. hinna nýju eyðublaða til byggingarbrjefa fyrir Þjóðjörð-
um orðin »viðar og« og ennfremur orðin »og njóta leiguliðagagns þess, er þar segir«,
eða með öðrum orðum, að láta viðarreka á Þjóðjörðum eigi vera undanskilinn leiguliða-
notum.

Útaf þessu skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til leiðbeiningar, að jeg
sjái ekkert á móti því, að viðarreki á Þjóðjörðum verði við byggingu þeirra látinn
fylgja leiguliðanotum, þar sem yður virðist slíkt hagkvæmt, og að framangreind orð þess
vegna verði felld þar burtu úr byggingarbrjefunum, en þess ber þó að sjálfsgöðu að
gæta viðvíkjandi upphæð eptirgjaldsins eptir rekjarðirnar, að það verði ákveðið með
hæfilegu tilliti til þeirra hlunninda, er rekinn veitir leiguliðunum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um burðareyri undir póst- 64
ávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla og Írlands. — Í þóknanlegu brjefi, 28. maí.
dags. 31. jan. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til af ástæðum þeim, sem þar
eru teknar fram, að :

- 1, burðareyri undir póstávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla og Írlands
verði hækkaður upp í 27 aura fyrir hverjar 18 kr., eða að minnsta kosti upp í
18 aura fyrir hverjar 18 kr., svo og að
- 2, þegar slíkar póstávisanir sju keyptar á pósthúsinu í Reykjavík skuli eitt pund
sterling gilda 18 kr. 15 aura.

Eptir að jeg hef skrifazt á við yfirstjórn póstmálanna um þetta efni, skal jeg,
um leið og jeg sendi yður eptirrit af brjefi yfirstjórnar póstmálanna til mín, þjónustu-
samlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að vera yfirstjórn póstmál-
anna samdóma um, að eigi sje nægileg ástæða til að breyta til að því er snertir pen-
ingaskipti þau, sem nefnd eru undir 2. lið, þar sem ósamkvæmni sú, sem þjer, herra
landshöfðingi, bendið á, milli verðsins á pundi sterling á Íslandi þegar póstávisanir til
Bretlands hins mikla og Írlands eru inn borgaðar, og peningaskiptareglu þeirri, sem á-
kveðin er í samþykktinni 14. desbr. 1883 um skipti á krónumynt og pundi sterling,
er þýðingarlaus og á sjer að sama skapi stað milli Danmerkur og Bretlands hins mikla.
Aptur á móti finnast mjer rjett af ástæðum þeim, sem þjer hafið tekið fram í brjefi yðar,
að burðareyri undir póstávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla sje hækkaður, en
þó svo, að tekið sje tillit til þess, að meðan Ísland heldur innborgunargildi því, sem
nú er þar á pundi sterling, 1 £ = 18 kr. 20 a., þá græðir það 5 aura á hverju pundi
sterling, þar sem 1 pund sterling gildir 18 kr. 15 a., þegar peningaskiptin eru gjörð
upp við Bretland hið mikla. Svo verður og að taka tillit til þess, að póststjórnin ís-
lenzka hefir nokkrar tekjur af póstávisunum frá Bretlandi hinu mikla til Íslands, þó
upphæð þeirra nemi ekki miklu. Þegar litið er á þetta hvorttveggja, má telja
nægilegt að hækka burðargjaldið í 18 aura fyrir hverjar 18 kr., eins og þjer stingið

64 upp á til vara. Jeg skal þess vegna hjer með ákveða þá hækkun frá næstkomandi 28. maí. 1. júlímán. að telja.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra landshöfðingi, til þóknarlegrar leiðbeiningar og birtingar.

65 Brjef landshöfðingja til umboðsmanns Allan-línunnar, Sigfúsar Eymundssonar, 25. júní. um skaðabætur til vesturfara fyrir samningsrof af hálfu Allan-línunnar. — Eptir að jeg hefi meðtekið tilsvor yðar og skýrslu viðvíkjandi kæru nokkurra útfara, sem fluttir voru með gufuskipinu Camoens frá Borðeyri áleiðis til Vesturheims 23. ágúst f. á., yfir samningsrofum af hálfu Allan-línunnar, skal jeg tjá yður það, sem hjer fer á eptir.

Skjöl málsins bera með sjer, að útförum þeim, sem hjer ræðir um, hafi verið lofað fari með gufuskipinu Camoens, sem Allan-línan notaði sem útflutningaskip sumarið 1887, á 2. ferð skipsins hingað til lands það sumar, og eptir ferðaáætlun sinni átti það að koma til Borðeyrar 3. júlí, en af því að það tafðist vegna íss á 1. ferð sinni, komst það ekki á stað frá Granton á 2. ferðinni fyr en 2. júlí. Eptir ferðaáætlun sinni átti útflutningaskipið að fara 2. ferðina beina leið frá Granton til Borðeyrar, en í stað þess fór það til Reykjavíkur og kom þar 7. júlí, þaðan fór það til Stykkishólms, Dýrafjarðar og Ísafjarðar, en sneri aptur á Ísafirði til Reykjavíkur og fór þaðan beina leið til Skotlands. Eptir árangurslausa tilraun til að komast til Borðeyrar á 3. ferð sinni komst Camoens þangað loks 23. ágúst og flutti þá þaðan útfara þá, sem höfðu beðið þar fars frá því 3. júlí. Fyrir þessa bið sína á Borðeyri krefjast útfararnir skaðabóta af hendi Allan-línunnar, 1 kr. á dag fyrir hvern mann, sem átti að greiða fullt fargjald, og 50 aura fyrir hvert barn með ½ fargjaldi, frá 8. júlí, er útflutningaskipið að þeirra hyggju hefði getað komið til Borðeyrar og flutt þá, og til 23. ágúst, er loks var tekið þar við þeim til flutnings eða samtals fyrir 202 útfara með fullu fargjaldi í 45 daga 9090 kr.

Með því að það verður að álitast sannað og því er ekki mótmælt, að kærendunum hafi verið heitið fari til Vesturheims með útflutningaskipi Allan-línunnar, gufuskipinu Camoens, frá Borðeyri 3. júlí f. á. eða svo fljótt eptir þann dag, sem auðið væri;

með því að það ennfremur er skýlaust viðurkennt af yður sem aðalumboðsmanni Allan-línunnar hjer á landi, að útflutningaskip línunnar hafi á 2. ferð sinni frá Skotlandi til Íslands, sem það byrjaði 2. júlí frá Granton, ekki gjört neina tilraun til að komast til Borðeyrar, heldur hafi það verið ákveðið, áður en skipið lagði á stað frá Granton, að það á þeirri ferð skyldi ekki fara lengra en til Ísafjarðar, sem einnig styðst við vottorð 2 brezkra farþega með skipinu og við það atvik, að skipið skildi eptir í Granton vörur þær, sem þaðan átti að flytja til Borðeyrar;

með því að þannig engin sönnun er komin fram fyrir því, að útflutningaskipið Camoens hafi ekki getað komið til Borðeyrar 8. júlí, hefði það farið þangað beina leið á 2. ferð sinni, því síður sem önnur skip um sama leyti fóru hindrunarlaust fyrir Horn inn á Húnaflóa og skip kom frá útlöndum til Borðeyrar 11. júlí;

með því loks að skaðabætur þær, sem krafizt er eptir áðursögðu, virðast vera sanngjarnar, og tala útfara þeirra, sem til bóta telja, kemur heim við skýrslu yðar,

þá úrskurðast hjermeð samkvæmt lögum um tilsjón með flutningum á þeim